

Innra mats skýrsla

Oddeyrarskóli
Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ytra mat	4
Starfsáætlun um innra mat	5
Niðurstöður innra mats skólaárið 2020-2021	5
Stjórnun og fagleg forysta	6
Nám og kennsla	6
Innra mat	7
Sýn og stefna Oddeyrarskóla	8
Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022 í kjölfar innra mats.	9
Innra mat - Umbótaáætlun	9
Sýn og stefna Oddeyrarskóla - Umbótaáætlun	15
Lokaorð	18

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ytra og innra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla. Megináhersla er á helstu viðfangsefni innra mats á árunum 2020-2021.

Skólinn fór síðast í ytra mat haustið 2015 en það mat var framkvæmt af Menntamálaráðuneyti. Umbótum var að fullu lokið í júní 2020 utan skólalóðar sem er á framkvæmdaáætlun 2021. Þá var “innlit” í kennslustundir af hálfu Ásgarðs dagpart í febrúar á þessu skólaári þar sem tveir aðilar fóru inn í nokkrar kennslustundir og lögðu mat á það sem menn sáu þar undir þættinum nám og kennsla. Þátturinn nám og kennsla verður ríkjandi í innra mati gæðaráðs á skólaárinu 2021-2022 svo ekki var farið í sérstaka umbótaáætlun vegna þessarar heimsóknar.

Með gerð þessarar skýrslu telst umbótum í kjölfar ytra mats lokið og við tekur kerfisbundið innra mat sem byggir á gæðakerfi skólans og reglubundnu mati á því.

- Helstu matsþættir innra mats skólaárið 2020-2021.
 - Nám og kennsla (2021-2022)
 - Stjórnun (2022-2023)
 - Innra mat
 - Skipulag
 - Framkvæmd
 - Umbætur
 - Sýn og stefna Oddeyrarskóla
 - SMT
 - Heilsueflandi grunnskóli
 - Zankow
 - Líðan nemenda
 - Annað: Mat á líðan og aðstöðu starfsmanna
- Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Nú í lok skólaársins 2021 er staðan þannig að búið er að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um innra mat ásamt völdum þáttum í sýn og stefnu skólans. Í sumar og næsta skólaár verða sett gæðaviðmið um nám og kennslu ásamt stjórnun og faglegri forystu. Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð, starfsfólk skólans, nemendur og aðrir hagsmunaaðilar lögðu mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Nýja innra mats áætlun Oddeyrarskóla er að finna á [heimasíðu skólans](#) en þar verður þessi skýrsla einnig birt.

Gæðateymi Oddeyrarskóla 2020-2021

Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóla Kristín Helgadóttir, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla í október 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og náms- aðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Náms- aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu- hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðis- l. vinnubr.	

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Oddeyrarskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til [umbótaáætlun](#) sem starfsfólk Oddeyrarskóla hefur unnið eftir. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt [langtímaáætlun skólans um innra mat](#). Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir framvegis stöðugar umbætur í Oddeyrarskóla.

Starfsáætlun um innra mat

Gæðaráð var sett á stofn haustið 2020 en í því voru skólastjóri, tveir deildarstjórar og tveir fulltrúar kennara. Þegar skammt var liðið á haustið þróuðust aðstæður þannig að fulltrúar kennara í gæðaráði hættu báðir af persónulegum ástæðum. Stjórnendur héldu áfram vinnunni og ákveðið var að bæta ekki starfsmönnum í gæðaráð þetta skólaárið enda skólastarfið ekki með eðlilegum hætti vegna covid-19 faraldursins. Áætlað var að funda vikulega en af ýmsum orsökum tókst það ekki alltaf. Áhersla var sett á það í apríl og maí að auka tímana í tvo tíma á viku með það að markmiði að ljúka því sem áætlað var að gera. [Starfsáætlun gæðaráðs](#) fyrir skólaárið 2020-2021 má finna hér. Starfsáætlun gæðaráðs var ekki unnin strax að hausti svo fyrsti hlutinn þ.e. haustmisseri er samantekt á vinnu gæðaráðs að hausti.

Meginmarkmið gæðaráðs þetta skólaár var að endurskoða innra mat skólans með tilliti til gæðaviðmiða Akureyrarbæjar og skoða sérstaklega valin verkefni sem einkennandi eru fyrir skólastarfið í Oddeyrarskóla. Verkefnið var umfangsmikið og tímafrekt en afraksturinn er langtímaáætlun, nánari innra mats áætlun fyrir skólaárið 2020-2021 ásamt umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022. Í vetur fór einnig fram ytra mat á hluta matsþátta í námi og kennslu en sá þáttur verður til umfjöllunar í innra mati gæðaráðs á næsta skólaári ásamt völdum þáttum úr sýn og stefnu skólans.

Ljóst er að fámenni gæðaráðsins hafði áhrif á afköst og því mikilvægt að fá inn fleiri fulltrúa strax að hausti. [Hér](#) er að finna nýja starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið 2021-2022 en hún mun próast þegar líða tekur á skólaárið svo skjalið er ekki á endanlegu formi.

Niðurstöður innra mats skólaárið 2020-2021

Í þessum kafla er rætt um niðurstöður innra mats en gert er ráð fyrir að niðurstöðurnar séu lagðar fram í fjórum meginþáttunum þó þannig að ár hvert sé áhersla á einn þátt í innra mati til viðbótar völdum þáttum úr sýn og stefnu skólans.

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat.
4. Valdir þættir úr sýn og stefnu skólans

Í niðurstöðukafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

- Gögn: Niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar.
 - Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin.
 - **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
 - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
 - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
 - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
 - Eða nota önnur viðmið sem skólinn setur sér.

Stjórnun og fagleg forysta

Viðmið Akureyrarbæjar - [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa.](#)

Markmið skólans - að meta þennan þátt skólaárið 2022-2023.

Gögn sem nýtt verða til að máta við ný markmið og viðmið um stjórnun og faglega forystu eru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og arfspróunarsamtala.

Nám og kennsla

Viðmið Akureyrarbæjar - [Nám og kennsla](#)

Markmið skólans - Að meta þennan þátt skólaárið 2021-2022

Gögn sem nýtt verða til að mæta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu eru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og starfspróunarsamtala.

Innra mat

Viðmið Akureyrarbæjar - [Innra mat](#)

Markmið skólans - skólaárið 2020-2021 eru að uppfylla viðmið Akureyrarbæjar um mjög gott verklag í viðmiðum Akureyrarbæjar í þættinum *innra mat*.

Gögn sem nýtt voru til að mæta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfspróunarsamtala.

Niðurstaða - Skipulag innra mats er komið í góðan farveg en þarf að fylgja vel eftir frá ári til árs. Nokkuð skortir á að framkvæmd og úrbætur uppfylli markmið Akureyrarbæjar um gæðastarf þar sem *framkvæmd* var með 38% dökkgræn og *umbætur* með 75% dökkgræn. Nánar verður gert grein fyrir þessum þáttum í umbótaáætlun í næsta kafla.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Umbætur næsta árs

- Gæðaráð fullskipað og skýr tenging við skólaráð
- Koma framkvæmd innra mats í fastara form
- Notkun ytri mælitækja s.s. prófa og kannana skili sér inn í skólastarfið
- Festa gagnaöflunarleiðir í sessi s.s. rýnihópa og skólaping
- Gerð einstaklingsnámskráa, ábyrgð og framkvæmd og mat á framförum
- Stjórnendur framkvæmi reglulega mat á fagmennsku og kennslu
- Jafningjamat kennara í framkvæmd

Sýn og stefna Oddeyrarskóla

Viðmið skólans - sjá [Matsáætlun Oddeyrarskóla](#)

Markmið skólans - Að ná viðmiðum

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, niðurstöður SVÓT greininga, athuganir og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Niðurstaða - SMT skólafærni var metin með SET listum, ytra mat. Heildarskor var 88% en markmið að ná betri árangri en síðasta ár. Þarna spilar covid-19 inn í því reglukennsla var í gangi þegar takmarkanir skulu á og þá var sett stopp á hrósmiðagjöf. Í SVÓT greiningu meðal starfsmanna kemur fram að skerpa þarf á kerfinu og fylgja eftir s.s. skráningum og afleiðingum. Heilsueflandi grunnskóli var með áherslu á lífsleikniþáttinn þar sem markmið var að komast úr 65% árangri í 85%. Það gekk ekki eftir heldur endaði í 71% sem þýðir að áfram verður unnið með þennan þátt í umbótaáætlun næsta skólaárs. Zankow stærðfræði hefur verið kennd á yngsta stigi í skólanum í bland við annað síðustu ár. Markmið var að skólinn yfir landsmeðaltali í samræmdum prófum í stærðfræði haustið 2020 en þar varð raunin.

Sýn og stefna skólans
SMT
Heilsueflandi grunnskóli
Zankov
Líðan nemenda
Líðan og vinnuaðstaða starfsmanna

Umbætur næsta árs

- SMT-Skerpa á og tímasetja reglukennslu starfsmanna
- SMT-Halda einkunnarorðum á lofti
- SMT-Uppfæra skráningakerfi í dagbók nemenda og fylgja eftir
- Heilsueflandi grunnskóli-Auka fræðslu til starfsmanna og foreldra
- Áhersla á nemendasamtöl, bekkjarfundi og lausnateymi
- Árgangateymi og lausnateymi vinna að lausn vanda vegna nemenda
- Aukin samvinna og samtal starfsmanna
- Verklýsingar yfirfarnar
- Fleiri og styttri starfsþróunarsamtöl
- Leiðsögn til nýrra starfsmanna og þeim skipaður lærimeistari

Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022 í kjölfar innra mats.

Á skólaárinu lagði gæðaráð mat á innra mat skólans og valda þætti úr sýn og stefnu skólans. Í upphafi var áætlað að meta áhrif covid-19 á skólastarfið en undir lok skólaárs þótti gæðaráðinu skipta meira máli að leggja mat á líðan og starfsumhverfi starfsmanna og sleppa mati á upplifun nemenda, kennara og foreldra á skólastarfi í heimsfaraldri vegna covid-19 en það var gert í matskýrslu vegna skólaársins 2019-2020.

Innra mat - Umbótaáætlun							
Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Skipulag innra mats hefur verið í vinnslu í vetur og flestir þættir samræmast fyllilega lýsingu um gæðastarf.						
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

1	Teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats, þ.e. gæðaráð	Skipa tvo kennara í gæðaráð. Auka tengsl við foreldra og nemendur gegnum skólaráð og nemendaráð.	Skólastjóri	Ágúst 2021	Október 2021	Skoðað hvernig gæðaráð er skipað og tengsl við alla hagsmunaaðila gegnum starfsáætlun skólaráðs og nemendaráð.	Eftirfarandi hafa hljómgrunn í gæðaráði: Stjórnendur Kennarar Starfsmenn (gegnum skólaráð) Foreldrar Nemendur
2	Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.	Deildarstjórar og/eða fagteymi, eftir því sem við á, fara með kennurum yfir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana. Í kjölfarið verða gerðar áætlanir um úrbætur.	Deildarstjórar stiga Læsis-teymi Námsráðgjafi	Þegar niðurstöður kannana liggja fyrir	Að liðnum tveimur vikum frá því er niðurstöður berast	Fundargerðir teyma.	Haldnir eru fundir þar sem niðurstöður eru skoðaðar: Samræmd próf Lesfimi Orðarún.
3	Byggðar hafa verið upp fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans.	Í skipulagi skólastarfs er gert ráð fyrir fjölbreyttum gagnaöflunarleiðum s.s. skólaþingi og rýnihópum. Bæði meðal starfsfólks og nemenda.	Gæðaráð	Ág 2021	júní 2022	Skoðað hvort skipulagi um fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir var fylgt eftir.	Fjölbreyttar matsaðferðir: Spurningarlistar Samtöl við starfsmenn og nemendur Rýnihópar Skólaþing með nemendum og starfsmönnum GGÓ: Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun á stig 5
4	Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir og reynsla af innra mati.	Gæðaráð metur reglulega þær aðferðir sem beitt er við innra mat og gerir tillögur	Gæðaráð	Ág 2021	Október 2021	Starfsáætlun gæðaráðs og innra mats áætlun birt og farið eftir henni.	Fyrir liggur starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið og útfyllt matsáætlun fyrir sama

		um breytingar ef þurfa þykir.					tímabil sem birt er á heimasíðu.
5	Leikur, nám og kennsla eru í stöðugu umbótaferli.	Umbætur og mat á skólaárinu 2021-2022 og þá fer þessi þáttur í umbótarferli.	Gæðaráð	Júni 2021	Júní 2022	Sjálfsmat kennara, áhorf stjórnenda, spurningalistar, rýnihópar,	Mjög gott verklag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar um umbótastarf í námi og kennslu.
6	Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram skipulega og reglulega.	Kennarar meta nemendur reglulega út frá hæfniviðmiðunum í Mentor þannig að hægt er að fylgjast með námsframvindu.	Skólastjórnendur	Sept 2021	Júní 2022	Umræður á stigsfundum um námsmat. Hæfnikort skoðuð reglulega.	Búið að meta a.m.k. tvo matsþætti í hverju hæfnikorti í október og eftir það reglubundið mat.
7	Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram reglulega og skipulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.	Ítarleg áætlun um eftirfarandi þætti: - Innlit stjórnenda í kennslustundir - Reglulegar samræður stjórnenda við kennarateymi - Innlit kennara til teymisfélaga tvisvar á skólaári	Stjórnendur	Sept 2021	Maí 2022	Farið var eftir áætlun um innlit stjórnenda, samræður við kennarateymi og stuðningur við jafningjastuðning Matslistar GGÓ	Mjög gott verklag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar. Stjórnendur fylgjast reglulega með kennslu og veita endurgjöf. GGÓ; Stefnumörkun og stjórnun á stigi 5
8	Skólastjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu.	Gerð er áætlun um reglulegt innlit stjórnenda.	Stjórnendur	Ágúst	Maí	Farið eftir áætlun um innlit stjórnenda Matslistar GGÓ	Mjög gott verklag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar. Stjórnendur fylgjast reglulega með kennslu og veita endurgjöf.

							GGÓ; Stefnumörkun og stjórnun á stigi 5
9	Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður ytra gæðamats s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu nýttar til að efla starf skólans.	Kennarar og stjórnendur skoða reglubundið niðurstöður s.s. úr Skólapúlsi, samræmdum prófum, lesfimi og Orðarún og gera áætlanir til úrbóta í kjölfarið	Stjórnendur og kennarar	September	Júní	Farið yfir og metið hvort rætt hafi verið um niðurstöður ytri kannana og samræmdra prófa við kennarateymi. Gerðar áætlanir sem miða að bættum árangri.	Mjög gott verlag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar
10	Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.	Markvissari umræða og leiðbeiningar í hverju teymi. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru gerðar áætlanir um úrbætur.	Stjórnendur og kennarar	September	Júní	Fyrir liggja áætlanir um úrbætur.	Mjög gott verlag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar. Kennarar verði færari um að nýta niðurstöður gagna um nám og líðan barna.
11	Stjórnendur sjá um að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.	Niðurstöður Skólapúls og samræmdra prófa birt á heimasíðu. Niðurstöður nemenda birtar á Mentor.	Stjórnendur	Þegar niðurstöður liggja fyrir	Lok skólaárs	Skoðað hvort birt er í Mentor og á heimasíðu.	Mjög gott verlag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar. Niðurstöður aðgengilegar viðeigandi aðilum.
Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Tilgreint er í skýrslu um innra mat, stöðu	Áætlað að komi fram í matsskýrslu vorið 2022	Gæðaráð	Júní 2021	Júní	Skoðað hvort gert er grein fyrir umbótum í lokaskýrslu um innra mat.	Mjög gott verlag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar.

	umbóta eða hvort umbætur haldi áfram.	hvernig til tókst með fyrirhugaðar umbætur.					
2	Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum og eru settar fram á skýran og einfaldan máta.	Niðurstöður birtar á skýran og einfaldan hátt í matsskýrslu sem birtist á heimasíðu og er kynnt á starfsmannafundum og í skólaráði	Stjórnendur	Júní 2021	Ágúst 2021	Farið yfir hvort birtist á heimasíðu og búið sé að ræða á starfsmannafundi og í skólaráði.	Mjög gott verklag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar.
3	Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.	Kynna reglulega eða um leið og niðurstöður liggja fyrir og ræða í kennara- og/eða í starfsmannahóp. Einfalda niðurstöður.	Stjórnendur	September	Júní 2022	Samtal átti sér stað um niðurstöður mats a.m.k. 4 sinnum yfir skólaárið.	Mjög gott verklag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar
4	Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	Útbúinn er gátlisti sem fylgt er kerfisbundið eftir.	Stjórnendur	Júní 2021	Júní 2022	Gátlisti útbúinn sumar 2021 og honum fylgt eftir á skólaárinu.	Mjög gott verklag skv. viðmiðum menntastefnu Akureyrar.

Sýn og stefna Oddeyrarskóla - Umbótaáætlun

Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1 SMT	Reglukennsla starfsfólks ekki nógu markviss að hausti.	Skerpa á skilgreiningu og tímasetja reglukennslu starfsmanna	SMT teymi	Ágúst 2021	Sept 2021	Skoðum hvort búið er að fylla allt út í skjali um reglukennslu allra árganga.	Búið að yfirfara allar reglur í öllum árgöngum og merkja við í þar til gert skjal. 100% árangur í reglur kenndar í SET.
2 SMT	30% nemenda þekkja ekki einkunnarorðin	Halda einkunnar-orðum á lofti með fjölbreyttum hætti	SMT teymi Kennarar	Ágúst 2021	Okt 2021	SET mæling.	SET listar, 100% árangur í mati á hvort nemendur þekkja einkunnarorð skólans
3 SMT	Fáar dagbókarfærslur (skráningar) miðað við óæskilega hegðun.	Uppfæra (einfalda) skráningakerfi í dagbók nemenda og fylgja eftir skráningum og viðurlögum.	SMT lausnateymi	Ágúst 2021	Júní 2022	Teljum skráningar í dagbók og fylgjumst með hvort viðurlögum er fylgt.	Samræmi í skráningum og SMT forvarnarpríhyrningum. Merkt við í skjali þar sem við á.

1 Heilsueflandi grunnskóli	Halda betur á lofti þeim þáttum sem áhersla er á hverju sinni	Auka fræðslu og umræðu um forvarnir meðal starfsmanna og foreldra	Heilsueflingar nefnd	Sept 2021	Júní 2022	Matslistar frá landlæknisembætti - Lífleikni	Heildarskor lista um lífsleikni ná að lágmarki 85% Heildarskor lista um hreyfingu náí að lágmarki 95%
1 Líðan nemenda	Líðan nemenda: Styrkja sjálfsálit nemenda sér í lagi stúlkna með það að markmiði að bæta líðan þeirra	- Vikulegir bekkjarfundir, þar sem áhersla er á að þjálfa góð samskipti - Nemendaviðtöl tvisvar á ári í aðdraganda foreldraviðtala - Markviss inngrip lausnateymis gagnvart einstaka nemendum þegar um mikla vanlíðan er að ræða.	Umsjónarkennarar, lausnateymi	Ágúst 2021	Júní 2022	Niðurstöður Skólapúls Niðurstöður nemendasamtala	Sjálfsálit í Skólapúlsi fari úr 3,6 í 4,0 (landsmeðaltal 4,2) Vellíðunarpáttur í Skólapúlsi fari í úr 3,6 í 4,0 (landsmeðaltal 4,4) Eineltispáttur í Skólapúlsi fer úr 6,4 í 6,0 (landsmeðaltal 5,6)
1 Aðbúnaður og líðan starfsmanna.	Úrræðaleyfi gagnvart erfiðum nemendamálum veldur vanlíðan	Virkt lausnateymi vegna nemendamála og fyrir starfsmenn sem vilja sækja stuðning. Markviss teymisvinna starfsmanna býður upp á jafningjastuðning.	Stjórnendur Lausnateymi	Ágúst 2021	Júní 2022	Starfsmannakannanir Starfsþróunarsamtöl Starfsmannahandbók - móttökuáætlun.	Að engum starfsmanni líði illa í vinnunni.

2. Aðbúnaður og líðan starfsmanna.	Samskiptavandi meðal starfsfólks innbyrðis og starfsfólks og stjórnenda	Teymisvinna og jafningjastuðningur. Stofnun lausnateymis Fjölgun starfsþróunar-samtala	Stjórnendur Lausnateymi	Ágúst 2021	Júní 2022	Starfsmannakannanir Starfsþróunarsamtöl	Að engum starfsmanni líði illa og starfsmenn upplifi jákvæð samskipti á vinnustað
3. Aðbúnaður og líðan starfsmanna	Einangrun, þ.e. skortir samtal við einstaklinga í sömu starfsstétt	Festa í sessi fundi eða spjallþráð milli fagstétta innan skóla og eignast „vinaskóla“	Stjórnendur	Sept 2021	Júní 2022	Starfsmannakannanir Starfsþróunarsamtöl	Að skapaður sé vettvangur til samstarfs
4. Aðbúnaður og líðan starfsmanna	Hlutverk og verkefni starfsmanna ekki alltaf nógu skýr	Skerpa á og ræða starfslýsingar við allar starfsstéttir innan skólans. Fylgja eftir áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.	Stjórnendur	Ágúst 2021	Okt. 2021	Starfsþróunarsamtöl í sept-okt. Merkt í gátlista.	Að búið sé að eiga samtal við alla starfsmenn um ábyrgð og hlutverk í starfi.

Lokaorð

Umbótaskýrsla verður leiðarljós í innra mati skólaársins 2021-2022 ásamt þættinum nám og kennsla. Þessa stundina fer fram vinna við að undirbúa þann matsþátt og búa til tímaáætlun, leiðir og viðmið í mati á námi og kennslu.

Verklag við innra mat tók nokkrum breytingum þetta skólaár þar sem gæðaráð var innleitt í skólanum eins og öllum grunnskólum Akureyrar. Nokkurn tíma tók að móta umgjörð innra matsins og hvaða leiðir og þætti í mati ættu að ráða ríkjum. Eldri vorskýrslur, eða innra mats skýrslur skólans, hafa allt annað yfirbragð en þessi þar sem ákveðið var að stilla innra matinu upp í samræmi við gæðaviðmið Akureyrarbæjar um mat á skólastarfi. Þeir listar fjalla um mat á innra mati, mati á námi og kennslu og mati á stjórnun. Til viðbótar metum við ár hvert valda þætti úr stefnu skólans og þar geta bæst við eða dottið út þættir eftir því hvernig áherslur skólans þróast.

25. júní 2021

Anna Bergrós Arnarsdóttir

Fjóla Kristín Helgadóttir

Margrét Aðalgeirsdóttir